



Akraneskaupstaður

FUNDARBOD

**1414. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 27. maí 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2505078 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2025

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2025 viðauka nr. 4 við fjárhagsáætlun ársins 2025 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Um er að ræða viðauka sem er tilkominn vegna endurútreiknings reiknings kjarasamninga Kennarasambands Íslands, Bandalags háskólanna og Félags slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

2. 2503256 - Fjárhagsáætlun 2025 - viðaukar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2025 viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun ársins 2025 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Viðaukinn var tilkomin vegna villu sem varð við innlestur á tegundarklinum 4660, þvert á rekstrareiningar Aðalsjóðs sem gaf ranga niðurstöðu á langflestar deildir og kallar eðli máls samkvæmt á leiðréttingu.

3. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir Akraneskaupstað.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands fjallaði um málið á fundi sínum þann 10. mars sl. en láðist að senda Akraneskaupstað upplýsingar um það fyrr en í lok apríl sl.
Málsmeðferð samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er þannig að samþykkt sveitarstjórnar þarf að liggja fyrir áður en málið fer til yfirferðar í ráðuneytinu sem síðan sér um að óska eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 2505239 - Fundir bæjarstjórnar 2025

Um allangt skeið hafa verið til vinnslu breytingar á samþykkt Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarsköp nr. 696/2023 með síðari breytingum (svokölluð bæjarmálasamþykkt) en slíkar breytingar þurfa tvær umræður í bæjarstjórn með að lágmarki einnar viku millibili.

Vilji er til að ljúka afgreiðslu breytinganna fyrir sumarleyfi bæjarstjórnar sem skv.

samþykktri fundardagskrá verður tímabilið frá 10. júní nk. til og með 25. ágúst nk.

Með vísan til framangreinds er gerð tillaga um aukafund í bæjarstjórn sem yrði þann 3. júní nk. kl. 17:00.

Fundargerðir til kynningar

5. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3593. fundargerð bæjarráðs frá 15. maí 2025

6. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

326. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 22. maí 2025.

7. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

263. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 21. maí 2025.

8. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð

246. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 20. maí 2025.

9. 2501028 - Fundargerðir 2025 - Orkuveita Reykjavíkur

361. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 3. mars 2025.

362. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 7. mars 2025.

10. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

979. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. maí 2025.

26.05.2025

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.